

Súðavíkurhreppur,
Árni Traustason
skipulags- og byggingarfulltrúi
Grundarstræti 3
420 SÚÐAVÍK

Garðabær, 03. maí 2017
2017040001/42-0
TB
jgo/tb

Heildarendurskoðun aðalskipulags Súðavíkurhrepps

Vísað er til tölvupósts frá Súðavíkurhrepp, dags. 31. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna heildarendurskoðunar á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps. Um er að ræða fyrsta skref í ferlinu þar sem óskað er eftir athugasemdum við skipulags og matslýsingu. Athygli er vakin á því að athugasemdir Náttúrufræðistofnunar snúa fyrst og fremst að þeim þáttum sem falla undir hlutverk stofnunarinnar.

Áherslur Súðavíkurhrepps við gerð aðalskipulagsins koma m.a. annars fram í kafla 1.2. en þar segir: *Áhersla verður lögð á eflingu innviða, uppbyggingu atvinnuvega en á sama tíma að auka lífsgæði íbúa. Þetta verður gert með sjálfbæra þróun að leiðarljósi og með það að markmiði að skerða ekki mikilvæg náttúru- og menningarverðmæti svæðisins.* Einnig er í skipulags- og matslýsingunni fjallað um náttúruminjar í kafla 2.1.1. Þar er komið inn á svæði á náttúruminjasrá og að óspillt náttúra hafi margvísleg gildi m.a. fagurfræðilegt, siðferðilegt, menningarlegt, hagrænt, vistfræðilegt, sálrænt, vísindalegt og fræðslu- og útivistargildi. Fram kemur að tekið verður tillit til þessara gilda í skipulagsvinnunni og m.a. lagt mat á óbyggð víðerni. Í kafla 3 kemur síðan fram að í skipulagsvinnunni verði lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu lands og að samhliða nýtingu og eflingu atvinnulífs verði gætt að því að náttúra og menningarminjar verði ekki skertar. Einnig er fjallað um ýmsar áætlanir, stefnur, alþjóðasamninga og viðmiðunarskjöl s.s. eins og lög um náttúruvernd sem taka þarf tillit til í skipulagsvinnunni og umhverfismati skipulagsins.

Umsögn

Í heild telur Náttúrufræðistofnun að almennt sé komið inn á í skipulags- og matslýsingunni flesta þá þætti sem þörf er að fjalla um í skipulagsvinnu og snúa að hlutverki stofnunarinnar. Á þessu stigi er hins vegar ekki hægt að meta hvort farið verði nægjanlega ítarlega í þessa þætti þ.e. náttúrufar og verndargildi þess. Og enn síður er hægt að meta hvort niðurstaða skipulagsins verði með þeim hætti að það rýri ekki verndargildi náttúruminja nema brýna nauðsyn beri til.

Eins og kemur fram hér að framan er í skipulags- og matslýsingunni vísað í lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í skipulagsvinnunni verði



skoðað hvernig væntanlegt aðalskipulag samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*), og einnig verði umfjöllun í skipulaginu í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða a.m.k. allar framangreindar lagagreinar í skipulagsvinnunni þó þær eigi ýmist við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnunni byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við skipulags- og matslýsinguna.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

